

ekki dómstólarnir heldur háyfirvaldið gjöra út um þá þrætu, þá ber að fella dóminn úr gildi og vísa máli þessu frá hjeradsdómi.

Málkostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður. Hin átöldu ummæli málflutningsmanns stefnda um áfrýjanda, sem sje: »að hann með því dæmalausasta ofríki sölsaði undir sig þau afnot Sauðanesstaðar, sem Sigríður hafði tekið á leigu« og »þessum skuldseiga hempuþjón á Sauðanesi« skulu samkvæmt kröfu áfrýjanda dæmd dauð og ómerk.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ógildur og vísast máli þessu frá hjeradsdóminum. Málkostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Hin átöldu móðgunaryrði skulu dauð og ómerk.

Mánudaginn 4. nóvembermán.

Nr. 44/1895:

Rjettvísín

gegn

Bersa Sighvatssyni,

Sigurði Ólafssyni og

Guðrúnu Bjarnadóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu 19. okt. f. á. var ákærði Bersi Sighvatsson bóndi á Brekkuborg dæmdur fyrir skjalafölsun og fyrir afmörkun

á lambi samkvæmt 270. og 230. gr. almennra hegningarlaga í 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða iðgjöld hins stolna lambs til Sigurðar Ólafssonar 8 kr. og allan kostnað við málið, þar á meðal 10 kr. til svaramanns síns í hjerði, og með sama dómi voru hin meðákærðu Sigurður Ólafsson, vinnumaður Bersa, og Guðrún Bjarnadóttir, kona Sigurðar þessa, dæmd fyrir hlutdeild með Bersa í tjeðri skjalafölsun, Sigurður í 2 daga og Guðrún í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Dómi þessum er af hlutadeigandi amtmanni skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða Bersa Sighvatsonar sannað, að í októbermánuði 1893 fjekk hann meðákærðu Guðrúnu Bjarnadóttur til að skrifa fyrir sig eptir uppkasti, er hann hafði samið, skjal nokkurt undir nafni tengdamóður Bersa, sem dáið var í júlí næst á undan; var skjalið dagsett 6. maí s. á. og hljóðaði á þá leið, að tengdamóðir Bersa gaf honum með skjalinu 1 jarðarhundrað, er hún átti í jörðinni Ytri-Kleif. Skjalið endar með þessum orðum: »Hjer til nefni jeg sem votta að þessu Sigurð Ólafsson og Guðrúnu Bjarnadóttur bæði til heimilis á Brekkuborg í Breiðdal, og er með vottanöfnum þessum, sem, eins og skjalið allt, eru rituð með hendi ákærðu Guðrúnar Bjarnadóttur, átt við hin ákærðu Sigurð Ólafsson og Guðrúnu Bjarnadóttur. Skjal þetta afhenti Bersi hreppstjóra sveitarinnar, til þess hann kæmi því áleiðis til sýslumanns og það þannig

kæmi til greina við skiptin eptir tengdamóður hans. Bersi hefur haldið því fram, að tengdamóðir hans hafi verið búin að gefa honum (munnlega) hundr- að það í Ytri-Kleif, er gjafabrjefið nefnir, og bjó hann til gjafabrjefið að eins til að »tryggja sjer« gjöfina gagnvart erfingjum tengdamóður hans. Það er óupplýst, hvað tilhæft er í því, að tengdamóðir Bersa hafi gefið honum nefnt jarðarhundrað, en þó svo væri, getur það eigi orðið til að losa hann við hegningu fyrir fölsun gjafabrjefsins.

Auk fölsunar þeirrar, er nú var getið, var ákærði, Bersi, einnig með hinum áfrýjaða dómi dæmdur fyrir að hafa haustið 1893 markað undir sitt mark lamb, er vinnumaður hans, meðákærði Sigurður Ólafsson átti og var með hans (Sigurðar) marki, en lambið var í fjárhúsi Bersa saman við hans eigið fje, þegar afmörkunin á að hafa átt sjer stað. Það er reyndar fram komið í málinu og játað af Bersa, að í það skipti er hann átti að hafa markað sjer umrætt lamb, fór hann einn í lambhús sitt og blóðgaði eitt lambið á báðum eyrum, en hann kveðst hafa tekið því blóð gegn pest, er hann var hræddur um að væri komin í það, og það er eigi fullsannað gegn neitun hans, að lambið hafi eigi verið hans eign og með hans marki áður en hann blóðgaði það. Það verður því að sýkna ákærða af ákæru sóknarans að því þessa lambtöku snertir, og eins verður að fallast á, að hann er með hinum áfrýjaða dómi eigi dæmdur fyrir nokkur önnur lík afbrot, er á hann hafi verið borin, en engin sönnun hefur fengið fyrir.

Hin meðákærðu Sigurður Ólafsson og kona hans Guðrún Bjarnadóttir hafa kannast við að hafa átt þátt í fölsun fyrtjæðs gjafabrjefs, þannig að Guðrún, eins og fyr er sagt, skrifaði það fyrir Bersa eptir uppkasti, sem hún vissi, að hann hafði sjálfur búið til, en Sigurður leyfði, að nafn sitt væri skrifað undir skjalið sem vitundarvotts, þó að honum væri kunnugt um að brjefið var falsað.

Hin ákærðu eru öll komin yfir lögaldur sakamanna og hafa eigi áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir neitt lagabrot. Afbrot Bersa ber að heimfæra undir 48. sbr. 270. gr. almennra hegningarlaga, saman bornar við 273. gr. sömu laga, með tilliti til þess að skjalið, sem allt var ritað ásamt nöfnunum með sömu hendi, var eigi svo úr garði gjört, að það gæti talizt nokkuð hættulegt, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Refsing Guðrúnar Bjarnadóttur ákveðst samkvæmt 49. sbr. 270. og 273. gr. hegningarlaganna 5 daga fangelsi við vatn og brauð og refsing Sigurðar Ólafssonar samkvæmt sömu lagagreinum 2 daga samskonar fangelsi. Ákærða Bersa ber að greiða að helmingi kostnað málsins bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi, að frá dregnum málsvarnarlaunum í hjeradi 6 krónum og gæzluvarðhaldskostnaði þar, er hann greiðir einn, en hinn helming kostnaðarins greiða öll hin ákærðu in solidum. Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Bersi Sighvatsson á að sæta 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, hin ákærða Guðrún Bjarnadóttir 5 daga samskonar fangelsi og hinn ákærði Sigurður Ólafsson 2 daga samskonar fangelsi. Ákærði Bersi Sighvatsson greiði einn varnarlaun talsmanns síns í hjerði H. Ó. Brím 6 krónur og kostnað af gæzluvarðhaldi sínu þar, og auk þess greiði hann helming annars kostnaðar, er af málinu hefur leitt í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, en hinn helming kostnaðarins greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. nóvembermánaðar.

Nr. 32/1895:

Haraldur Möller

gegn

Ívari Helgasyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af stefnda verzlunarmanni í Hafnarfirði Ívari Helgasyni gegn áfrýjandanum Haraldi Möller bónda á Óseyri við Hafnarfjörð fyrir það, að áfrýjandinn tók tvívegis, 30.